

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**150 Reykjavík**

Akranesi 27. september 2024

**Efni: Umsögn Starfsgreinasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2025, 2. mál. -Brottfall laga nr. 51/1995 og breytingar á lögum nr. 54/2006**

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) leggst gegn einhliða niðurfellingu á lögum 51/1995 og breytingar lögum nr. 54/2006 án samtals eða samráðs við aðila vinnumarkaðarins. Slíkt mun valda fiskvinnslufólki vött og breitt um landið óvissu, óþægindum og tekjumissi ef til vinnslustöðvunar kemur vegna tímabundins hráefnisskorts.

Mikilvægt er að átta sig á því að í kjarasamningi milli SGS og SA eru nokkrar greinar sem fjalla um kauptryggingu þegar til vinnustöðvunar kemur vegna hráefnisskorts. Í gr. 18.4.8.1 sem gildir fyrir fiskvinnslufólk segir orðrétt:

*„Vinnuveitandi skuldbindur sig til þess að greiða starfsmanni sem nýtur kauptryggingarréttar föst laun fyrir dagvinnu skv. samningi þessum þótt hráefnisbrestur valdi vinnslustöðvun, svo og á grunnnámskeiðum fyrir fiskvinnslufólk sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins viðurkennir og staðfest er af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, enda sé það í samræmi við reglur um endurgreiðslu atvinnuleysisbóta í fiskvinnslu sbr. l. nr. 51/1995 með síðari breytingum og reglugerð sett skv. þeim.“*

Með brottfalli laga nr. 51/1995 er verið að stefna lífsafkomu fiskvinnslufólks í hættu þegar til vinnustöðvunar kemur vegna hráefnisskorts enda skýrt kveðið á um að kauptryggingarréttur fiskvinnslufólks hvað föst laun varðar kemur ekki til ef það sé ekki samræmi við endurgreiðslu atvinnuleysisbóta í fiskvinnslu sbr. lög nr. 51/1995.

Það er ljóst að félagsmenn SGS verða fyrir tekjufalli ef þessi lög verða felld úr gildi áður en SGS nær samkomulagi við Samtök atvinnulífsins um hvernig aðkoma fyrirtækja í fiskvinnslu verður gagnvart starfsfólki komi til vinnustöðvunar vegna hráefnisskorts. Í dag eru fiskvinnslufólki tryggð föst laun, þ.e.a.s. fullt dagvinnukaup auk vaktaálags, bónuss og annarra afkastahvetjandi eða sambærilegra álagsgreiðslna vegna vinnu miðað við 8 klst. á dag eða 40 klst. á viku miðað við fullt starf.

SGS vill þó árétta að almennt sé ekki óeðlilegt að fiskvinnslur greiði sínu fólki laun þegar kemur til vinnslustöðvunar vegna hráefnisskorts, eins og aðrar atvinnugreinar þurfa að gera gagnvart sínum starfsmönnum ef það kemur til tímabundinnar stöðvunar á rekstri. Upplýsinga er þörf um fjölda og stærð þeirra fyrirtækja sem nýta þetta úrræði, því hafa þarf í huga að fyrir fiskvinnslur í smærri byggðalögum sem berjast í bökkum að halda atvinnu á svæðinu getur þetta úrræði skipt sköpum.

SGS vekur einnig athygli á að b-liður í 1. mgr. 13. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 kemur í veg fyrir að allt fiskvinnslufólk sem lendir í vinnustöðvun vegna hráefnisskorts hafi tryggan rétt til atvinnuleysisbóta, en hann kveður á um að launafólk þurfi að vera orðið 18 ára til að öðlast rétt. Hvað með unga fiskvinnslufólkið okkar sem ekki hefur náð 18 ára aldri?

Það er því ljóst að SGS getur ekki fallist á áform um brottfall laga nr. 51/1995 og téðar breytingar á lögum nr. 54/2006 að svo stöddu. Tryggja þarf afkomu fiskvinnslufólks þegar kemur til vinnslustöðvunar vegna hráefnisskorts og slíkt krefst samtals og samráðs við aðila vinnumarkaðarins.

Virðingarfyllt,

---

Vilhjálmur Birgisson formaður SGS